

Miðvikudaginn 21. nóvember 1945.

Nr. 15/1945. **Bæjarstjórn Akraness** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Valdimar Guðmundssyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Endurheimt á greiddu útsvari. Sýknað.

Dómur hæstaréttar.

Ármann Snævarr, settur bæjarfógeti á Akranesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. febrúar þ. á., krefst þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi fluttist til Akraness 1935 ásamt foreldrum sínum. Árið 1939 fór hann á stýrimannaskólann og útskrifaðist þaðan 1941. Réðst hann þá á togara, sem gerður er út frá Hafnarfirði, og hefur hann verið á því skipi síðan.

Hann hefur frá því haustið 1940 haft herbergi á leigu í Reykjavík og verið þar til húsa oftast, er hann var í landi.

Samkvæmt þessu verður að telja, að heimili stefnda hafi árin 1941—1944 verið í Reykjavík og að hann hafi verið útsvarsskyldur þar árin 1942 og 1943.

Þrátt fyrir það þótt heimilisfang stefnda væri í Reykjavík árin 1941—1944, lét hann samt skrifa sig þessi ár til heimilis hjá foreldrum sínum á Akranesi og taldi þar fram til skatts. Þar voru og útsvör lögð á hann 1942 og 1943. Greiddi hann útsvarið 1942 að fullu 31. desember 1942. Þetta ár, 1942, var einnig lagt á hann útsvar í Reykjavík, og var það tekið lögtaki með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur 30. september 1943. Árið 1943 var og lagt á hann í Reykjavík útsvar, er hann greiddi 22. desember 1943. Útsvar það, sem lagt á stefnda á Akranesi 1943, greiddi hann að nokru 5. febrúar 1944. Gerir hann í máli þessu kröfur til endurheimtu á út-

svari sínu á Akranesi 1942 og hluta útsvarsins 1943, alls að fjárhæð kr. 3334.00.

Stefndi taldi, svo sem lýst var, að heimilisfang sitt á Akranesi árin 1941—1944 og taldi þar fram til skatts, þótt hið rétta heimili hans væri í Reykjavík. Hann greiddi fjárhæðir þær, sem hann vill endurheimta, á Akranesi umyrðalaust og fyrirvara, að því er séð verður.

Að svo vöxnu máli þykir ekki vera efni til að taka kröfu hans um endurheimtu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að héraðsdómaranum hefur láðst að ákveða aðfararfrest í dómi sínum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Akraness, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Valdimars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 9. nóvember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. f. m., af Valdimar Guðmundssyni sjómanni, Bárugötu 19, Reykjavík, gegn bæjarstjóranum á Akranesi f. h. bæjarsjóðs. Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að bæjarstjóranum sé f. h. bæjarsjóðs gert með dómsorði að greiða sér kr. 3334.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1944 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Stefnur gerir þá aðalkröfu, að bæjarsjóður verði algerlega sýknaður af kröfum stefnandans, en til vara, að bæjarsjóði verði ekki gert að greiða hærri fjárhæð en kr. 1000.00. Þá krefst stefndur málskostnaðar eftir mati réttarins úr hendi stefnanda.

Tildrög máls þess eru þau, að árin 1942 og 1943 eru lögð útsvör á stefnanda þessa máls bæði í Reykjavík og í Akranesskaupstað. Fjárhæð útsvaranna er árið 1942 á Akranesi kr. 1562.00, en í Reykjavík kr. 1200.00, árið 1943 nemur útsvarsupphæðin kr. 2972.00 á Akranesi, en kr. 1000.00 í Reykjavík. Heildarfjárhæð útsvara gjaldárin 1942 og 1943 nemur kr. 4534.00 á Akranesi, en kr. 2200.00 í Reykjavík.

Stefnandi galt árið 1942 útsvar sitt á Akranesi 31. des. samæris, en sýnaði um greiðslu þess í Reykjavík. Varð sú sýnjun efni þess, að bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs beiddist þess, að útsvarið væri heimt lögtaki, og gekk um þá málavöxtu úrskurður í fógætarétti Reykjavíkur 30. sept. 1943, sbr. réttarskjal nr. 4 í máli þessu. Urðu lyktir málsins þær, að umbeðin lögtaksgerð skyldi fá framgang. Er úrskurður þessi lá fyrir, greiddi stefnandi bæjarsjóði Reykjavíkur útsvarsupphæðina 22. okt. 1943.

Vikur nú að skilum á útsvörum gjaldársins 1943. Á því ári greiðir stefnandi álagt útsvar í Reykjavík að fullu 22. des. þ. á., en kr. 1772 upp í útsvarið á Akranesi 5. febr. 1944. Í munnlega málflytningnum hér í bæjarþinginu skildi ekki á um það, að stefnandi hefði innt þessa útsvarsgreiðslu af hendi, vegna þess að hann hefði þá ætlað sér lögskýlt að greiða útsvarið á Akranesi gjaldárið 1943. Hins vegar taldi hann sér vera heimilt að færa til frádráttar álögðu útsvari hér á Akranesi þær kr. 1200, er gert var lögtak fyrir í Reykjavík og síðan voru borgaðar, sem áður getur.

Stefnandi kallar sig hart leikinn með því að standa í tveim bæjarfélögum skil á útsvörum um sömu útsvarsár og sækir í máli þessu annað bæjarfélagið, Akranes, um útsvarsframlög sín í bæjarsjóð Akraness fyrir gjaldárin 1942 og 1943, en þau nema stefnuupphæðinni, kr. 3334.00.

Krafa stefnanda er slungin tveim þáttum, horfir annars vegar (A) að endurheimt útsvars þess, er innt var bæjarsjóði Akraness 31. des. 1942, að fjárhæð kr. 1562.00, en hins vegar (B) að heimt útsvarshluta þess, kr. 1772.00, er greiddur var 5. febr. 1944 upp í álagt útsvar 1943. Verður hugað að og greitt úr hvorum kröfuþætti um sig og þá í öndverðu með aðalkröfu stefnds um sýknu í huga.

Um A. Kröfu sína til heimtu kr. 1562.00 reisir stefnandi á því, að hann hafi fyrir útsvarsárið 1941 (gjaldárið 1942) greitt tveim bæjarfélögum útsvar, að honum sé óskýlt að greiða útsvar nema einu bæjarfélagi, að fyrir liggi óhögguguð réttarúrlausn um það, að honum hafi verið lögskýlt að lúka öðru bæjarfélaginu, Reykjavík, útsvar umrætt ár og að sú úrlausn taki af skarið um útsvarsskylduna og sé bindandi fyrir þenna rétt.

Stefndur andæfir þessum kröfuflið með þeim rökum, að stefnandi hafi verið tekinn á manntal á Akranesi í október 1941 að eigin hvöt, að útsvör skuli skv. 8. gr. laga nr. 106 frá 1936 um útsvör á leggja eftir manntali hinu næsta á undan niðurjöfnun, að stefnandi greiddi hér skatta til ríkisins og að hald hans á herbergi í Reykjavík sé þess eitt ekki umkomið að skapa honum heimilisfesti þar, slíka er í færum sé að baka honum útsvarsskyldu.

Stefnandi reisir að meginþræði kröfur sínar á því tvennu, (I.) að lög standi ekki til útsvarssálagningar á hendur sér hér á Akra-

nesi, og sé hann því ranglega krafinn útsvars af hendi stefnda, og (II.) að hið ranglega krafða fé sé endurkræft eftir reglum um ofborgun fjár.

I. Í úrskurði fúgetaréttar Reykjavíkur 30. sept. 1943 kemur skýrt fram, að gerðarþoli, stefnandi þessa máls, hafi haft uppi þær mótbáur gegn framgangi lögtaksgerðarinnar, að hann ætti lögheimili á Akranesi. Allt að einu lizt fúgetaréttinum það svo, að gerðarþoli hafi með dvöl sinni í Reykjavík orðið útsvarsskyldur þar árið 1942. Þessi niðurstaða er bindandi fyrir þenna rétt, enda hefur úrskurðurinn ekki sætt áfryjun. Verður því lagt hér til grundvallar, að stefnandi hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík gjaldárið 1942 (útsvarsárið 1941). Telja verður, að ekkert þeirra atvika liggja fyrir, er orki því, að stefnandi sé útsvarsskyldur í báðum bæjarfélögunum, Reykjavík og Akranesi. Fengin niðurstaða um útsvarsskylduna í Reykjavík leiðir til þess, að stefnanda hafi verið óskytt að greiða útsvar á Akranesi 1942.

II. Stefnandi greiðir útsvar gjaldársins 1942 í Reykjavík, að undangengnu lögtaki, og er því að nokkru leyti um nauðungarskil af hans hendi að ræða. Sönnur eru ekki færðar á það í máli þessu, að stefnanda hafi verið kunnugt um útsvarsálagninguna á hendur sér í Reykjavík, þá er hann greiddi bæjarsjóði Akraness útsvarið 31. des. 1942. Vannst honum því ekki færi á að gera fyrirvara um endurheimt, er hann gerði lögskil þessi.

Með því að fyrir liggja þau úrslit í máli þessu, að stefnandi sé einungis útsvarsskyldur í einu bæjarfélagi um útsvarsárið 1941, að hann sé útsvarsskyldur á því tímabili í Reykjavík, og að hann hafi greitt útsvar af tekjum, er til féllu þenna tíma bæði í Reykjavík og á Akranesi, er ekki unnt að taka aðalkröfu stefnda um sýknu af þessum kröfufið til greina.

Um B. Endurgjaldskröfu sína um kr. 1772 styður stefnandi þeim rökum, að hann hafi greitt útsvar gjaldárið 1943 að fullu í Reykjavík, að engar þær breytingar hafi orðið á högum hans frá árinu 1942, er leitt geti til annarrar niðurstöðu um útsvarsskylduna 1943 en þá, er greinir í fúgetaréttarúrskurðinum varðandi gjaldárið 1942, að hann sé einungis útsvarsskyldur í einu bæjarfélagi og að hann hafi innt af hendi útsvarshlutann 5. febr. þ. á. af misskilningi á réttarreglum.

Stefndur reisir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi talið hér fram 1943, að hann hafi átt frumkvæði að því, að hann yrði tekinn hér á manntal í október 1942, að hann hafi með því sýnt vilja sinn til heimilisfesti á Akranesi, enda komi það og skýrt fram í mótmælum hans í fúgetarétti Reykjavíkur, og getið er í úrskurðinum 30. sept. f. á., að hann hafi greitt gjöld sín til ríkisins hér á Akranesi árið 1943, og að hann hafi af eigin hvöt greitt þann útsvarshluta, er nú er krafizt endurgreiðslu á. Þá er á

það bent af stefndum, að það eitt hafi tengt stefnanda við Reykjavík, að þar haldi hann herbergi einungis til þægindaauka, en ekki vegna atvinnu sinnar, enda komi honum þaðan engar tekjur.

Verður þá fyrst (I.) hugað að útsvarsskyldu stefnanda, þ. e. hvort hann sé réttilega krafinn útsvars á Akranesi, og síðan (II.) að endurgjaldskröfu hans.

I. Í 8. grein laga um útsvör nr. 106 frá 1936 segir, að þar skuli leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafi heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun.

Um heimilisfangið og þá sérstaklega skráningu lögheimilis hafa báðir málsaðiljar lagt fram gögn málafylgju sinni til framdráttar. Framlag stefnanda er vottorð frá manntalsskrifstofu Reykjavíkurbæjar, rj.skj. nr. 5, en samkvæmt þeirri heimild er stefnandi talinn til lögheimilis í Reykjavík óslitið frá 1939. Stefndur hefur hins vegar haldið því fram ómótmælt, að stefnandi hafi sjálfur hlutazt til um, að hann yrði skráður hér á manntal, og manntalsskýrslurnar hafi engar athugasemdir haldið um það, að hann teldi sér lögheimili annars staðar en hér á Akranesi.

Í máli þessu er þeim staðhöfnum til að dreifa, að stefnandi hefur enga atvinnu stundað á Akranesi allt frá haustinu 1940, að hann hefur eigi umrætt tímabil haldið sér húsnæði þar, og að þaðan hafa honum ekki runnið neinar tekjur. Verður því að fallast á það hjá stefnanda, að honum hafi verið óskýlt að gjalda bæjarsjóði Akraness útsvar gjaldárið 1943.

II. Kalla má sannað í máli þessu, að stefnandi hafi að eigin hvöt greitt til bæjarsjóðs Akraness þær kr. 1772, sem hér um ræðir. Enn fremur liggur það fyrir, að greiðsla þessi á sér stað, eftir að stefnandi stendur bæjarsjóði Reykjavíkur skil á útsvari ársins 1943. Því hefur eigi verið haldið fram af stefnanda hálfu, að við hafi verið sleginn varnagli um endurheimt, er útsvarsgreiðslan fór fram, en mótbáru, er að fyrirvaralausri greiðslu lýtur, hefur eigi verið hreyft af stefndum. Í greinargerð stefnds er að því vikið, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi gert þá kröfu, að útsvari stefndans yrði skipt milli Hafnarfjarðar og Akraness, og hafi yfirskattanefnd Akranesskaupstaðar úrskurðað þá kröfu. Hvorki í téðri greinargerð né í málflutningi sínum orðaði fyrirvarsmaður stefnds atvik þetta sem beina varnarástæðu, og engin gögn voru af hans hendi lögð fram um skiptiúrskurð þenna, né getið niðurstöðu hans.

Stefnandi hefur að sönnu, svo sem bent er á af stefndum, ekki freistað að fara leið þá, sem á er visað í 8. gr. d-lið laga nr. 106 frá 1936. Þá eru eigi færðar sönnur á, að hann hafi gert fyrirvara um endurheimt greidds útsvarshluta, ef til kæmi. Með vanrækt þessa þykir hann, sem er maður ólöglerður, þó eigi hafa firrt sig rétti til endurheimtu fjár þessa. Aðalkrafa stefnds um sýknu af þessum þætti er því ekki tæk.

Dregur þá að úrlausn á varakröfu stefnds, er lýtur að því, að kröfur stefnandans séu færðar niður í kr. 1000.00. Er krafa þessi á því reist, að mismunur álagðra útsvara á Akranesi annars vegar og í Reykjavík hins vegar nemi um útsvarsárin 1941 og 1942 (gjaldárin 1942 og 1943) kr. 4534, að frádrægnum kr. 2200, eða kr. 2334.00. Á stefnanda eigi raunverulega að hvíla 4534 króna útsvar, þar eð sú fjárhæð sé á hann lögð hér, þar sem framtöl hans voru tiltæk, en í Reykjavík hafi framtals eigi notið, enda sé álagning þar gerð af handahófi og mikils til of lág. Í hlut Reykjavíkur eigi þá að koma kr. 2200 (kr. 1200 + kr. 1000), en hlutur Akraness nemi eftirstöðvunum, kr. 2334.00. Nú þegar hafi bæjarsjóði Akraness borizt kr. 3334.00, og komi það því eitt til álita að standa skil á þeim kr. 1000.00, sem bæjarsjóði hafi þegar borizt um fram. hlut hans.

Ef veita skal varakröfu stefnds úrlausn til þrautar, er í því fólgið það, að taka þarf afstöðu til og ákvarða fjárhæð útsvara og réttmæti hennar. Dómsstóla brestur vald til þessa, og verður því að vísa varakröfu stefnds frá dómi.

Með skírskotun til framanskráðs verða lyktir máls þessa þær, að taka beri til greina kröfur stefnanda um endurheimt kr. 3334.00 úr hendi stefnds. Um vöxtu af fjárhæð þessari gegnir því máli, að ekki eru sönnur að því leiddar, að stefnandi hafi fyrr en með málssókn þessari kafið bæjarsjóð um endurskil fjárens, og þykir því verða að miða upphafstímamark vaxta við útgáfudag stefnu, 4. okt. 1944, en frá þeim tíma og til greiðsludags skal bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs svara stefnanda 5% ársvöxtum af áðurgreindri fjárhæð. Þá ber stefndum að greiða stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Varakröfu stefnds vísast frá dómi.

Stefndur, bæjarstjórn á Akranesi f. h. bæjarsjóðs, skal greiða stefnanda kr. 3334.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. okt. 1944 til greiðsludags og málskostnað með kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.